

**Ársfundur Nýheima þekkingarseturs 15. apríl 2021 kl. 15:00**

Áttundi ársfundur Nýheima þekkingarseturs (Nb) haldinn á Teams fimmtudaginn 15. apríl 2021 kl. 15:00

Ragnhildur Jónsdóttir var fundarstjóri og Hugrún Harpa Reynisdóttir fundarritari.

Málefni fundarins:

**I. Opnun fundar**

Hugrún Harpa forstöðumaður setti fundinn, bauð fundargesti velkomna og fór stuttlega yfir starfið hjá setrinu. Lagði hún í máli sínu áherslu á mikilvægi þess að standa vörð um það öfluga þekkingarsamfélag sem hefur verið að mótað á síðustu árum. Enn fremur lagði hún áherslu á mikilvægi þess að halda sókn samfélagsins áfram og vera vakandi fyrir nýjum leiðum og tækifærum til framþróunar.

**II. Skýrsla Stjórnar**

Vilhjálmur Magnússon formaður stjórnar fór yfir skýrslu stjórnar. Kemur þar fram að enn jókst umfang starfseminnar á árinu og nú vegna góðs árangurs í styrkjasókn. Vilhjálmur gerði einnig að umtalsefni verkefnið *Ævimenntun á Suðausturlandi* en í tengslum við verkefnið tók stjórn ákvörðun um að vinna að umsókn setursins um að verða viðurkenndur fræðsluaðili. Formaður leggur áherslu á að með skýrri framtíðarsýn setursins og öflugu starfi séu allir vegir færir.

**III. Ársreikningur 2020**

Eyrún Helga Ævarsdóttir gjaldkeri stjórnar fór yfir ársreikning og gerði grein fyrir helstu liðum hans. Afkoma af rekstri var neikvæð um 7,7 millj. kr. samvæmt rekstrarreikningi og nam eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 23 millj. kr. og bókfært eigið fé í árslok 10.1 millj. kr. Ársreikningur var samþykktur og verður hann undirritaður rafrænt af stjórn.

**IV. Skipun í embætti stjórnar**

Á ársfundi 2019 var skipað í embætti til tveggja ára og því komið að skipun í embætti að nýju. Fundarstjóri bar upp tillögu um fulltrúa í embætti, tillagan var samþykkt samhljóða.

Mönnun embætta er eftirfarandi:

Formaður: Steinunn Hödd Harðardóttir  
Varaformaður: Gunnar Þór Jóhannesson  
Gjaldkeri: Kristín Hermannsdóttir  
Ritari: Vilhjálmur Magnússon

V. Breyting á aðildarstofnunum

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur dregið sig út úr starfi Nýheima þekkingarseturs og er því ekki lengur aðili að setrinu. Aðilar eru því nú ellefu talsins.

VI. Áherslur í starfsemi Nýheima þekkingarseturs

Eyjólfur Guðmundsson fór yfir sögu og þróun þekkingarsamfélagsins í Nýheimum og setti það í samhengi við mismunandi tegundir skipulagsheilda. Bentí hann á að Nýheimar væru flókin og dýnamísk skipulagsheild og þyrfti því að vera sveigjanleg og í stöðugri þróun til þess að geta náð utan um fjölbreytileikann. Fundargestir tóku undir orð Eyjólfs og voru sammála um mikilvægi þess að stuðla að dýnamísku umhverfi innan þekkingarsamfélagsins Nýheima.

VII. Önnur mál

Engin önnur mál.

Eftir fundinn voru haldin tvö erindi:

- Sandra Björg Stefánsdóttir verkefnastjóri kynnti verkefnið *Stafraen samfélög*.
- Vilhjálmur Magnússon forstöðumaður Vöruhúss og Fab Lab smiðju Hornafjarðar flutti erindið *Fab Lab og samfélagið deilum þekkingu*.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið klukkan 16:25

Ragnhildur Jónsd.  
Vilhjálmur Magnúss

Hugrún Harpa Reynisd.